



Fréttatilkynning

27 May 2025 16:48:00 GMT

## Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs á víkjandi skuldabréfum í íslenskum krónum

**Arion banki lauk í dag útboði á nýjum flokki víkjandi skuldabréfa sem telja til eiginfjárpáttar 2 (e. Tier 2), ARION T2I 36, fyrir samtals 10.040 m.kr.**

Í flokkinn ARION T2I 36 bárust 52 tilboð að fjárhæð 15.520 m.kr. að nafnvirði á ávöxtunarkröfu á bilinu 4,73 – 5,49%. Tilboð að nafnvirði 10.040 m.kr. voru samþykkt á kröfunni 5,09%.

ARION T2I 36 er verðtryggt vaxtagreiðslubréf með tveimur vaxtagreiðslum á ári. Lokagjalddagi er í desember 2036, með innköllunarheimild af hálfu útgefanda í desember 2031 og á öllum vaxtagjalddögum þar á eftir (11,5NC6,5).

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland þann 2. júní 2025.

Skuldabréfin eru gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast [hér](#). Útboðið var ekki ætlað almennum fjárfestum.

Umsjónaraðili útboðsins var Markaðsviðskipti Arion banka.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs á víkjandi skuldabréfum í íslenskum krónum](#)